

BORGARRÁÐ 4. mars 2021: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stafræna þróun á þjónustu borgarinnar - R20010203

Á fjárhagsáætlun 2021 til 2025 var stafræn þróun á þjónustu Reykjavíkurborgar meðal helstu fjárfestingaverkefna næstu ára. Þannig var ákveðið að umbreyta allri þjónustu og afgreiðslu sem unnt er að færa á internetið, á þremur árum með tíu milljarða fjárfestingu í upplýsingatækni og stafrænni umbreytingu borgarinnar. Óskað er upplýsinga um (a) hvernig áætlað er að verja þeim 10 milljörðum sem ráðstafað verður í verkefnið, (b) hversu mörg opinber störf verkefnið kallar á, (c) hvert verði umfang útvistunar verkefna og verkþátta, (d) hvort unnið verði að hagkvæmni og samnýtingu lausna þvert á sveitastjórnarstig, í samstarfi við Stafrænt Ísland og stafræna þróun annarra sveitarfélaga og (e) hversu mikla hagræðingu stafræna þróunin muni leiða af sér fyrir borgarkerfið, á ársgrundvelli, til framtíðar?